



**Ársskýrsla
Heilsugæslunnar í Reykjavík
fyrir árið 2004**

Efnisyfirlit

<i>Stjórnskipulag Heilsugæslunnar</i>	3
<i>Stjórnsýsla</i>	4
Rekstrarsvið	4
Skrifstofusvið	4
Starfsmannasvið	5
Upplýsingatæknisvið	5
Heilbrigðisupplýsingar	6
<i>Iðjuþjálfun - Geðheilsa</i>	8
<i>Heilsuverndarstöð Reykjavíkur</i>	9
Miðstöð heilsuverndar barna	10
Miðstöð mæðraverndar	14
Miðstöð tannverndar	16
Lungna- og berklavarnadeild	17
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna	18
Rannsóknarstofa	19
<i>Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu</i>	20
<i>Miðstöð heimahjúkrunar</i>	21
<i>Heilsugæslan Árbæ</i>	24
<i>Heilsugæslan Efra-Breiðholti</i>	26
<i>Heilsugæslan Efstaleiti</i>	28
<i>Heilsugæslan Grafarvogi</i>	30
<i>Heilsugæslan Hlíðum</i>	32
<i>Heilsugæslan Miðbæ</i>	34
<i>Heilsugæslan Mjódd</i>	36
<i>Heilsugæsla Mosfellsumdæmis</i>	38
<i>Heilsugæslan Seltjarnarnesi</i>	40
<i>Heilsugæslan Kópavogi</i>	42
<i>Heilsugæslan Lágmúla</i>	45
<i>Heilsugæslan Salahverfi</i>	45

Stjórnskipulag Heilsugæslunnar

Heilsugæslan starfar samkvæmt Lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar

Guðmundur K. Einarsson, forstjóri
Helgi S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs
Jóna Lára Pétursdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofusviðs
Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
Jónas Guðmundsson, fjármálastjóri
Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslunnar
Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar

Skipulag

Heilsugæslan nær yfir 7 heilsugæslustöðvar, í Árbæ, Grafarvogi, Efra-Breiðholti, Mjódd, Efstaleiti, Hlíðasvæði og Miðbæ, Miðstöð Heimahjúkrunar og 5 miðstöðvar á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Ennfremur sér Heilsugæslan um rekstur Heilsugæslu Mosfellsumdæmis, Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi og Heilsugæslunnar Kópavogi. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa á Heilsuverndarstöðinni.

Heilsugæslan í Lágmúla 4, sem er einkarekin, er starfrækt samkvæmt sérstökum samningi við Heilsugæsluna. Heilsugæslan Salahverfi, sem er einnig einkarekin, er starfrækt samkvæmt samningi við heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytið.

Stjórnsýsla

Stjórnsýslan skiptist í rekstrarsvið, starfsmannasvið, skrifstofusvið og upplýsingatæknisvið. Innan stjórnsýslunnar starfa einnig lækningaforstjóri, hjúkrunarforstjóri, fjármálastjóri og forstöðumaður rafrænna heilbrigðisupplýsinga. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.

Rekstrarsvið

Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs: Helgi S. Guðmundsson

Um sviðið: Meginverkefni rekstrarsviðs eru innkaup á tækjum, búnaði og öðrum rekstrarvörum, útboð verkþátta og meiri háttar innkaupa, auglýsinga- og markaðsmál, byggingamál, póst- og boðsendingar stofnana, viðhald og ræsting eigna og eignaumsýsla.

Helstu tíðindi árið 2004:

Unnið var að viðgerðum og breytingum á húsnæði heilsugæslustöðvanna í Árbæ, Grafarvogi, Efra-Breiðholti, Hlíðum, Miðbæ, Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ. Einnig á húsnæði Miðstöðvar heilsuverndar barna í Heilsuverndarstöðinni, breytt aðstaða fyrir Upplýsinga- og tæknisvið og endurnýjun búnaðar í aðalfundarsal. Þá var hafinn undirbúningur að breytingu húsnæðis á 5. hæð.

Samningur um fjargæslu fyrir heilsugæslustöðvarnar var endurnýjaður og unnið að uppsetningu brúnaviðvörunarkerfis í Heilsugæslunni í Lágmúla.

Í samráði við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið var unnið að því að fá heimild til kaupa eða leigu á nýju húsnæði fyrir Heilsugæsluna í Borgum í Kópavogi, heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi og í Árbæ.

Frá 1. október var rekstri rannsóknastofa á heilsugæslustöðvum hætt en Landspítali - Háskólasjúkrahús tók við rekstrinum.

Kennsla fyrir innkaupaaðila heilsugæslunnar var hafin í janúar 2004. Alls eru um 50 starfsmenn sem annast innkaup almennra rekstrarvara í umboði framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Árangur notkunar rammisamninga og rafrænna innkaupaaðferða er mældur með reglulegu millibili og samanburður gerður milli ára og milli stöðva og deilda. Niðurstöður þeirra mælinga hafa síðan verið kynntar á nokkrum fundum.

Árlega óska hópar innlendra og erlendra gesta eftir að fá að heimsækja heilsugæsluna og kynnast starfsemi. Framkvæmdastjórn samþykkti að koma skipulagi og undirbúningi þessara heimsókna á eina hendi og var verkefnastjóra falið að annast verkefnið. Á árinu komu í heimsókn hópar heilbrigðisstarfsmanna frá Finnlandi, Svíþjóð og Malawi og hópur nema á hjúkrunarsviði í Háskóla Íslands. Haustið 2004 var gengið frá samkomulagi um greiningu á heimasíðu heilsugæslunnar og skipaður vinnuhópur til að vinna að málinu.

Skrifstofusvið

Framkvæmdastjóri skrifstofusviðs: Jóna Lára Pétursdóttir.

Um sviðið: Meginverkefni skrifstofusviðs eru bókhald, fjársýsla og uppgjör. Ennig almennt skrifstofuhald stjórnsýslunnar, skjalavarsla og símavarsla á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Ennfremur heyra mötuneyti Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og bókasafn Heilsugæslunnar undir skrifstofusvið.

Helstu tíðindi árið 2004:

Í byrjun árs var tekið upp nýtt fjárhags-bókhaldskerfi ríkisins ORACLE í stað BAR. Nokkrir byrjunarerfiðleikar hafa verið við að ná nauðsynlegum upplýsingum úr kerfinu, en talið er að það standi til bóta.

Heilsugæslan hefur verið í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins síðan ríkið tók við rekstrinum árið 1990. Síðla árs 2004 var ákveðið að Heilsugæslan tæki alfarið við bókhaldi og fjárreiðum stofnunarinnar af Fjársýslunni. Af því varð þó ekki og var ákveðið að fresta framkvæmdinni til næstu áramóta.

Mikil umræða hefur verið um skjalavistunarmál stofnunarinnar. Í lok árs var stofnaður fjögurra manna vinnuhópur til að fara yfir skjalamálin og gera tillögur um úrbætur. Matráðsmaður við mötuneyti Heilsuverndarstöðvarinnar lét af störfum þann 1. október vegna aldurs og var nýr matsveinn ráðinn í hans stað.

Starfsmannasvið

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs: Grétar Guðmundsson.

Um sviðið: Meginhlutverk starfsmannasviðs er afgreiðsla launa, stefnumótun, skipulagning og samhæfing starfsmannamála. starfsmannaáætlanir, ráðgjöf til starfsmanna sem og stjórnenda, túlkun kjarasamninga, gerð stofnanasamninga, samskipti við stéttarfélög og fræðslumál.

Helstu tíðindi árið 2004:

Nýtt framgangskerfi hjúkrunarfræðinga var opnað í byrjun árs. Það var hannað út frá nýjum starfslýsingum hjúkrunarfræðinga sem voru innleiddar á árinu 2003. Mun meiri áhersla var lögð á launaáætlanir fyrir starfsstöðvar Heilsugæslunnar. Stjórnendur voru gerðir meðvitaðir um þær og nauðsyn þess að halda sig innan ramma þeirra.

Nýtt launakerfi, Oracle, var innleitt á miðju ári. Starfsmenn sviðsins sóttu námskeið við undirbúning að innleiðingu á nýju kerfi og mikil vinna fór í innleiðinguna. Tvisvar á árinu voru lagðar fram starfsánægjukannanir fyrir starfsmenn Heilsugæslunnar. Sú nýbreytni tókst mjög vel.

Jafnréttisáætlun var samþykkt í september 2004.

Starfsmannaráð var stofnað í nóvember. Megin hlutverk þess er að koma fram sem fulltrúi starfslíðs Heilsugæslunnar gagnvart framkvæmdastjórn.

Hagfræðingur sem ráðin var til starfa til sviðsins í afleysingar fyrir viðskiptafræðing sviðsins var fastráðin í lok árs. Auk framkvæmdastjóra starfa nú á sviðinu þrír starfsmenn í föstum stöðum.

Upplýsingatæknisvið

Forstöðumaður upplýsingatæknisviðs: Georg Karonina

Um sviðið: Upplýsingatæknisvið annast innkaup, uppsetningu og viðhald vél- og hugbúnaðar á neti Heilsugæslunnar og hefur umsjón með gagnagrunnum. Sviðið annast tölvukennslu og þjónustu við starfsmenn og þróar upplýsingatækni Heilsugæslunnar í takt við þarfir notenda og tækniþróun.

Helstu tíðindi árið 2004:

Á árinu komst á tenging til Landlæknisembættisins varðandi bólusetningaskrár og einnig tenging til Landspítala- háskólasjúkrahúss vegna rannsókna og rafrænnar sjúkraskrár.

Upplýsingatæknisvið vann við að gera útstöðvar á heilsugæslustöðvunum öflugri vegna innleiðingar Sögu 3.1

Heilbrigðisupplýsingar

Forstöðumaður Heilbrigðisupplýsinga: Valgerður Gunnarsdóttir

Um deildina: Unnið er að þróun og eflingu heilbrigðisupplýsingakerfa og nýtingu þeirra í þágu Heilsugæslunnar. Deildin hefur yfirumsjón með innleiðingu kerfanna og samræmingu á skráningu heilbrigðisgagna. Einnig undirbýr deildin samningsgerð við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um aðkomu Heilsugæslunnar að þróun Sögukerfisins, mati á gæðum og möguleikum þess og hlutverki Heilsugæslunnar við aðlögun og skráningu heilbrigðisupplýsinga á landsvísu.

Helstu tíðindi árið 2004:

Á árinu var ný útgáfa af Sögukerfinu, Saga 3.1 innleidd hjá Heilsugæslunni. Í árslok höfðu allar heilsugæslustöðvar og sérdeildir stofnunarinnar fengið kerfið nema Miðstöð heimahjúkrunar og Heilsugæslan í Mosfellsbæ. Haldin voru námskeið fyrir alla starfsmenn stöðvanna á Heilsuverndarstöðinni og stöðvunum fylgt eftir fyrstu daga og vikur eftir innleiðingu.

Jafnframt þessu fór fram undirbúningur fyrir rafrænar sendingar læknabréfa á milli Landspítala - háskólasjúkrahúss og Heilsugæslunnar, sem hófust formlega í desember. Settur var upp búnaður til þessara sendinga fyrir styrk frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Þá hófust einnig rafrænar sendingar í miðlægan gagnagrunn sóttvarnarlæknis fyrir ónæmisáðgerðir. Allar ónæmisáðgerir sem eru skráðar í Sögukerfið eru nú sendar sjálfkrafa í grunninn.

Undirbúningur fór fram vegna innleiðingar rafræns beiðna- og svarkerfis fyrir rannsóknarbeiðnir og niðurstöður. Þetta kerfi mun senda beiðnir um rannsóknir rafrænt inn í rannsóknarstofukerfi Landspítalans og taka á móti rafrænum svörum til baka. Kerfið verður tekið upp á árinu 2005.

Skráningarkerfið Ískrá fyrir skólaheilsugæslu var prófað áfram í skólum á þjónustusvæði Heilsugæslunnar og var endanlegum prófunum lokið í árslok.

Heilsugæslan fékk styrkveitingu frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu undir merkjum Upplýsingasamfélagsins til að sinna rafrænni skráningu í tengslum við Upplýsingamiðstöð með símaþjónustu sem tekin verður upp árið 2005. Fjármunir voru meðal annars nýttir til að skilgreina skráningarþörf og gera breytingar og aðlögun á Sögukerfinu fyrir Upplýsingamiðstöðina.

Undirbúningur vegna samtengingar sjúkraskrárkerfa allra heilsugæslustöva Heilsugæslunnar hefur farið fram á árinu meðal annars með undirbúningi á umgengnisreglum og aðgangsreglum að sjúkraupplýsingum.

Þá var undirbúin smíði á rafrænu kerfi fyrir gjaldkera vegna uppgjors heilsugæslustöðva. Með tilkomu þess má nú fara að prenta reikninga fyrir komugjöldum á laserprentara í einu eintaki og hætta útgáfu sérprentaðra reikninga í þríriti. Hætt verður að senda afrit af reikningum til gjaldkera sem geta þá fylgst rafrænt með uppgjöri stöðvanna.

Forstöðumaður heilbrigðisupplýsinga hefur verið fulltrúi Heilsugæslunnar í vinnuhópi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um þróun gæðavísa í heilbrigðiskerfinu. Þar er meðal annars stefnt að því að skilgreina gæðavísa fyrir heilsugæslu.

Ársverk í Stjórnsýslu 2004

Stjórnsýsla.....	23.73
Lækningaforstjóri.....	1.97
Bókasafn	1.00
Mötuneyti	1.97
Almennur rekstur	2.41
Umsjónarmenn.....	5.52
Upplýsingatækni svið.....	4.60
Námsstöður lækna.....	7.78
Tannheilsa skólabarna.....	5.11
Iðjuþjálfun geðheilsa.....	1.00
Ársverk alls.....	52.09

Iðjubjálfun - Geðheilsa

Iðjubjálfi: Auður Axelsdóttir

Helstu tíðindi 2004: Haustið 2003 fór af stað tilraunaverkefni til tveggja ára um iðjubjálfun við eftirfylgd geðsjúkra. Verkefnið er samstarf milli Heilsugæslunnar og Tryggingastofnunar ríkisins. Þjónustan er staðsett í Heilsugæslunni Hlíðum.

Markmið verkefnisins er að bjóða fólki með geðraskanir, eftirfylgni iðjubjálfa utan stofnana. Leitast er við að grípa inn í ferli sem gjarnan leiðir af sér óvirkni og færnisskerðingu og fækka þannig sjúkrahúsinnlögnum.

Í starfinu er notuð nálgunin valdefling (empowerment) sem byggir á því að fólk hafi val, nái tökum á eigin lífi, eflist og finni að það geti haft áhrif á líðan sína og þá þjónustu sem það fær. Þessi nálgun hefur gefið góða raun í uppbyggingu þjónustunnar. Frá brjun hefur verið lögð áhersla á gott aðgengi að þjónustunni og að skjólstæðingar gætu sjálfir leitað eftir henni.

Starfið skiptist í þrjá þætti: Eftirfylgd, tengslanet og hópastarf. Eftirfylgd byggir á þjálfun, fræðslu og ráðgjöf og fer oftast fram á heimili einstaklinganna en líka á vinnustað, í skóla eða annars staðar í nærumhverfi. Mikilvægt er að vinna í því umhverfi sem vandamálin birtast, til að þjálfunin nýtist einstaklingnum sem best.

Tengslanet byggist á því að virkja fjölskyldu, vini eða aðra sem að einstaklingnum standa og mynda net í kringum hann. Skilgreint er hvaða hlutverki hver gegnir og þannig reynt að fyrirbyggja félagslega einangrun. Fjölskyldan er mikilvægur hluti af tilveru einstaklingsins sem stuðningsaðilar og brýnt að nýta þá styrkleika sem þar eru. Hópastarfið er tvíþætt. Það fer annars vegar fram með aðstandendum og byggist á því að fólk deili sameiginlegri reynslu sinni og fræði hvort annað og hinsvegar með notendum þjónustunnar, í notendahópnum Hugarafli.

Markmið Hugarafli eru að skapa hlutverk, efla notendaáhrif, vinna gegn fordómum með sýnileika, vinna að verðmætasköpun út frá reynslu geðsjúkra og atvinnusköpun með því að þróa þjónustu út frá reynslu notenda.

Hugarafli hittist á fundum með iðjubjálfa tvisvar í viku. Hópurinn hefur einnig aðgang að iðjubjálfa utan hefðbundins fundartíma til handleiðslu verkefna, í einstaklingsviðtölum eða annarri eftirfylgd. Í hópnum eru núna rúmlega 20 einstaklingar sem mæta á fundi og þess utan eru um 10-12 einstaklingar sem vinna daglega í verkefnum. Hugarafli kynnti hugmyndir sínar og framtíðarsýn á kynningarfundum 6. mars 2004 á Kaffi Reykjavík. Um 200 manns mættu á fundinn. Þann 26. mars 2004 var haldin ráðstefna á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem hét “Hin góðu dæmi” og þar fluttu Hugarafli menn erindi um framgang hugmynda um hlutverkasetur og framtíðarsýn.

Stofnað hefur verið teymi sem hittist mánaðarlega og fer yfir sameiginleg mál og samstarf. Í teyminu eru iðjubjálfar frá Geðsviði Landspítala Háskólasjúkrahúsi (LSH), hjúkrunarfræðingur göngu- og bráðaþjónustu Geðsviðs LSH og í apríl 2004 bættist við hjúkrunarfræðingur frá geðteymi Miðstöðvar heimahjúkrunar í teymið. Einnig fer fram samstarf við aðra aðila sem málaflokknum sinna.

Þörfin fyrir þessa þjónustu hefur aukist jafnt og þétt. Um 130 einstaklingar notuðu þjónustuna frá 1. september 2003-30. nóvember 2004. Íhlutun hefur verið mismundandi eftir þörfum og tímalengd þjónustunnar er breytileg.

Skráð samskipti 1. september 2003-30. nóvember 2004

Viðtöl	377
Heimavitjanir	124
Fundir vegna skjólstæðinga	77

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur er fjölbreytt starfsemi á vegum Heilsugæslunnar. Þar eru eftirtaldar miðstöðvar og deildir, auk stjórnsýslu Heilsugæslunnar:

Miðstöð heilsuverndar barna
Miðstöð mæðraverndar
Miðstöð tannverndar
Lungna- og berklavarnadeild
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna
Rannsóknarstofa

Til húsa á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur voru einnig eftirtaldir aðilar sem eru ekki innan heilsugæslunnar:

Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglunga
Áfengis- og vímuvarnaráð
Manneldisráð Íslands
(Ofangreindir aðilar eru nú hluti af Lýðheilsustöð og fluttu úr húsinu í nóvember 2004)
Fjölskyldumiðstöðin (flutti úr húsinu í desember 2004)
Trúnaðarlæknir Reykjavíkurborgar, Helgi Guðbergsson

Miðstöð heilsuverndar barna

Um deildina

Yfirlæknir/Forstöðumaður: Geir Gunnlaugsson (forstöðumaður frá 1. júlí)

Hjúkrunarforstjóri: Bergljót Líndal (til 30. september)

Hlutverk: Miðstöðin heilsuverndar barna á að:

- vera faglegur bakhjarl Heilsugæslunnar á sviði heilsuverndar barna
- taka virkan þátt í stefnumótun og þróun heilsuverndar barna á landsvísu
- sinna hefðbundinni og sérhæfðri ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu
- sinna greiningu þegar grunur vaknar um þroskafrávik

Um starfsemina: Á árinu fór fram endurskipulagning á MHB og frá og með 1. október skiptist starfsemin í þrjú svið:

Ung- og smábarnavernd: Jóna Margrét Jónsdóttir, staðgengill sviðsstjóra. Hjúkrunarfræðingar og barnalæknar sinna hefðbundinni ung- og smábarnavernd, þróun fræðslefnis og annarrar þjónustu. Árið 2004 bar miðstöðin ábyrgð á þjónustu ung- og smábarnaverndar fyrir fjölskyldur í Voga- og Heimahverfi.

Skólaheilsugæsla: Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, sviðsstjóri (frá 1. október). Ber ábyrgð á skólaheilsugæslu í Langholtsskóla og Vogaskóla þar sem heilsugæslustöð vantar í Voga- og Heimahverfi. Vinnur að þróun þjónustu skólaheilsugæslu.

Proski og hegðun: Gyða Haraldsdóttir, sviðsstjóri.

Þverfaglegur hópur barnalækna, sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og félagsráðgjafa með mismunandi bakgrunn sem sinnir frumgreiningu þroskafrávik hjá 0-6 ára börnum sem vísað er til teymisins af fagaðilum. Þjónustusvæði eru einkum heilsugæslustöðvar í Reykjavík og nágrenni en einnig stuðningur við heilsugæslustöðvar víða um landið.

Helstu tíðindi 2004

Árið 2004 var tímamótaár í sögu Miðstöðvar heilsuverndar barna (MHB). Í framhaldi af ákvörðun framkvæmdastjórnar 28. október 2003 um framtíð MHB var hafist handa við endurskipulagningu starfseminnar. Hvati að slíkri endurskoðun var m.a. komandi starfslok hjúkrunarforstjóra sökum aldurs. Niðurstaða framkvæmdastjórnar og stjórnenda MHB var sú að leggja niður stöðu hjúkrunarforstjóra og yfirlæknis og í stað þeirra skipa einn forstöðumann yfir starfseminni. Til stuðnings forstöðumanni, auk staðgengils, var ákveðið að hafa þrjú sviðsstjóra yfir þremur skilgreindum sviðum starfseminnar, þ.e. ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæslu og svo þroska og hegðun (áður greiningarteymi). Miðsumars voru tvær stöður sviðsstjóra á ung- og smábarnasviði og skólasviði auglýstar og gengið frá ráðningu í þær. Í sambandi við þessar breytingar var ákveðið að gera ekki aðrar kröfur til stjórnenda sviða og forstöðumanns en þær að hafa lokið framhaldsnámi á sviði heilbrigðisvísinda og hafa reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.

Grundvallarhugmynd hins nýja skipurits er að hvert svið um sig ber ábyrgð á s.k. sértækum verkefnum sem ýmist eru þróuð og/eða fóstruð á viðkomandi sviði. Hvert verkefni er síðan á ábyrgð sérstaks verkefnisstjóra. Á ung- og smábarnasviði eru verkefni *Agi og uppeldi*, *Brjóstagjöf*, *Þroskaheftir foreldrar* og *Svefn og svefnvandamál*. Á skólasviði eru *Innflytjendur* og *Langveik börn* og á þroska- hegðunarsviði eru *Greining og ráðgjöf*,

Fyrirburar og Ættleidd börn. Í framhaldi af þessum breytingum var ákveðið að koma á laggirnar innan Heilsugæslunnar s.k. *Samráðshóp um starfsemi Miðstöðvar heilsuverndar barna.* Í honum sitja forstöðumaður (formaður) og þrír sviðsstjórar MHB, hjúkrunarforstjóri, lækningaforstjóri auk Birgis Guðjónssonar heimilislæknis í Mjódd og Kristínar Vigfúsdóttur hjúkrunar-ræðings í Grafarvogi. Hópurinn byrjaði vinnu sína í lok ársins.

Haustráðstefna Miðstöðvar heilsuverndar barna var haldin á Grand Hótel Reykjavík 12. nóvember og bar heitið *Barnið vex - en brókin?* Skráðir þátttakendur voru um 220 talsins og komu alls staðar að af landinu. Í fyrrihluta dagskrár var sjónum beint að fyrirburum, skimun þroskafrávika og langveikum börnum. Seinni hluti dagskrár fjallaði um lífstíllssjúkdóma barna, næturmigu og tilkynningarskylduna. Ráðstefnan var opnuð af Gerði G. Óskarsdóttur fræðslustjóra Reykjavíkur og gestafyrirlesari var Jón Böðvarsson, íslenskufræðingur. Eftir ráðstefnuna var móttaka í boði Theriak (gamla eMR). Í sambandi við ráðstefnuna var boðið upp á fimm vinnusmiðjur 11. nóvember á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur: *EFI-málþroskaskimun, EPDS-þunglyndiskvarðann, Hreyfjþroski barna yngri en 18 mánaða, Málþroska barna og Handbók í skólahjúkrun.* Rúmlega 50 manns tók þátt í þessum vinnusmiðjum.

Á árinu var lögð mikil vinna í að þróa og hanna leiðbeinenda- og foreldranámskeið um aga og uppeldi innan heilsugæslunnar. Umsjón með þeirri vinnu var á höndum Gyðu Haraldsdóttur sálfræðings og sviðsstjóra í samvinnu við ung- og smábarnasvið MHB og FÚS-hóp heilsugæslunnar. Við framkvæmd þessa verkefnis hefur MHB verið í samstarfi við Fjölskylduráð félagsmálaráðuneytisins og auk þess fengið sérstaka fjárveitingu á árinu frá Reykjavíkurborg og félagsþjónustu Kópavogs. Fyrsta foreldranámskeiðið var haldið í apríl og í árslok höfðu um 100 starfsmenn heilsugæslunnar og félagsþjónustu tekið þátt í leiðbeinendanámskeiðum og um fjórir tugir foreldra. Unnið er að því að þessi námskeið verði í boði um allt land. Að ákvörðun framkvæmdastjórnar Heilsugæslunnar þurftu foreldrar að greiða 9000 krónur parið fyrir þátttökuna en unnið er að því að lækka þennan kostnað og helst að bjóða þessi námskeið foreldrum að kostnaðarlausu sem hluta af almennri ung- og smábarnavernd.

Á árinu hefur starfsfólk MHB tekið þátt í störfum fagráðs landlæknis um ung- og smábarnavernd (Geir Gunnlaugsson, formaður). Mesta vinnan hefur verið endurskoðun á handbók ung- og smábarnaverndar undir ritstjórn Önnu Bjargar Aradóttur, hjúkrunarfræðingi embættisins. Þessari endurskoðun er ekki lokið. Starfsfólk MHB hélt tvo almenna starfsdaga á árinu. Þann 21. apríl kom Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur og ræddi hópefli á vinnustöðum. Í október kom Guðrún Högnadóttir frá *IMG Deloitte and Touche* og ræddi skipulagsbreytingar á MHB.

Steingerður Sigurbjörnsdóttir, barnalæknir, var skipuð í janúar til að sitja f.h. MHB í vinnuhóp á vegum Heilsugæslunnar til að endurskoða vinnureglur innan skólaheilsugæslu. Í hópnum sátu skólahjúkrunarfræðingar og Anna Björg Aradóttir frá landlæknisembættinu, auk Steingerðar. Hópurinn lauk störfum um mitt ár og í september gaf landlæknisembættið út s.k. *Handbók í skólahjúkrun* á grunni starfs þessa vinnuhóps.

Á árinu kom út ný og endurskoðuð *Barnamappa* sem hefur verið afhent foreldrum í fyrstu heimavitjun eftir fæðingu barns. Nokkrar breytingar urðu á uppbyggingu möppunnar og voru ekki öllum að skapi. Einnig var umrætt að hún yrði afhent við lok meðgöngu sem mæltist misvel fyrir. Niðurstaða er enn

ekki fengin hvað varðar þessa þætti og heldur vinna áfram við að þróa möppuna frekar.

Eins og á liðnum árum hafði MHB forgöngu um og sá um úrvinnslu gagna um algengi brjóstgjafar barna á fyrsta aldursárinu. Nær könnunin til um 2/3 hvers árgangs barna. Fá heilsugæslustöðvar á öllu landinu árlegt yfirlit yfir stöðu brjóstgjafar á sínu þjónustusvæði. Helstu vandkvæðin hafa verið að skýrslugerð um brjóstgjöf í Sögu hefur ekki enn verið gerð möguleg.

Geir Gunnlaugsson barnalæknir og Ingibjörg Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur og IBCLC-brjóstaráðgjafi, tóku á árinu þátt í verkefni um eflingu brjóstgjafar, fjármagnað af Evrópusambandinu (*Promotion of Breastfeeding in Europe*). Verkefninu lauk með stórum fundi í Dublin á Írlandi 16.-17. júní þar sem niðurstaða verkefnisins var kynnt (*Protection, promotion and support of breastfeeding in Europe: a blueprint for action*).

Að frumkvæði ráðuneytis heilbrigðismála fékk MHB sérstaka fjárveitingu til að kanna umfang barna með langvinnan heilsuvanda í skólum landsins og þarfir þeirra á þjónustu skólaheilsugæslu. Þverfaglegur vinnuhópur hóf störf 1. desember (verkefnisstjóri Sigríður Kr. Gísladóttir, iðjuþjálfari).

Á árinu var á vegum MHB (Þórunn Júlíusdóttir, hjúkrunarfræðingur) framkvæmd könnun um þjónustu heilsugæslunnar við börn innflytjenda. Könnunin var framkvæmd í ljósi þess að fregnir bárumst um börn innflytjenda sem "týndust" í kerfinu eftir skimun á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringins. Í framhaldi af þessu var skipaður starfshópur innan Heilsugæslunnar um að koma á ákveðnu verklagi varðandi þjónustu við þennan hóp barna og fjölskyldna. Niðurstaða hans var m.a. að koma á fót sérstakri mótöku á MHB fyrir þennan hóp barna og er undirbúningur hafinn.

MHB hafði forgöngu um á árinu að senda EPDS-listann á 20 tungumálum út á allar heilsugæslustöðvar á landinu, þeim að kostnaðarlausu. Umsjón með þessu átaki var á höndum Þórunnar Júlíusdóttur hjúkrunarstjóra.

Starfsfólk MHB hefur á árinu tekið þátt í þróun slysavarna barna í samstarfi við Árvekni sem nú er hluti Lýðheilsustöðvar. Katrín Davíðsdóttir barnalæknir á MHB var á árinu skipaður formaður verkefnisstjórnar Árvekni.

Greiningarteymið fékk á árinu hæsta gæðastyrk sem veittur var af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu eða 350,000 krónur. Verkefnið varð eftirfylgd á börnum sem hafa komið til greiningar í teyminu á liðnum árum.

Sex starfsmenn MHB héldu erindi á Rannsóknarstefnu HÍ og umboðsmanns barna 5. nóvember.

Geir Gunnlaugsson var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skipaður á árinu sem fulltrúi í vinnuhóp á vegum NOMESCO (Nordic Medico Statistical Committee) en ársskýrsla nefndarinnar fyrir árið 2005 mun fjalla um heilsu barna á Norðurlöndunum.

Kennsla læknanema hefur verið í höndum Geirs Gunnlaugssonar. Hafa namar komið í fjórum hópum, tveir hópar á vormisseri og tveir á haustmisseri. Fjórir læknanemar tóku þátt í rannsóknarverkefnum í samstarfi við starfsfólk MHB. Um er að ræða tvö verkefni á sviði lýðheilsu barna, eitt um brjóstgjöf og eitt um framkvæmd og viðhorf foreldra til þjónustu ung- og smábarnaverndar. Í sambandi við síðastnefnda verkefnið var framkvæmd landskönnun á viðhorfi foreldra til þjónustu ung- og smábarnaverndar en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Þann 1. desember var Geir Gunnlaugsson skipaður aðjúnkt til tveggja ára við læknadeild Háskóla Íslands vegna samvinnu deildarinnar við Þróunar-samvinnustofnun Íslands.

Verklegt nám eins iðjubjálfanema frá Háskólanum á Akureyri (ágúst-október) var á höndum Sigríðar Kr. Gísladóttur, sem auk þess sinnti stundakennslu við námsbraut í iðjubjálfun við HA á vor- og haustmisseri.

Í samvinnu við umboðsmann barna gaf MHB út bókina *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva - hýða - hirta - hæða - hóta - hafna - hrista - hraða*. Höfundar eru mannfræðingarnir Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir ásamt Geir Gunnlaugssyni. Í framhaldi af því tókst samstarf þessara aðila við *Greiningu og ráðgjöf* (Ingu Dóru Sigfúsdóttur) um undirbúning á framhaldsrannsókn á hugmyndum núlifandi einstaklinga á ofbeldi gegn börnum og umfangi þess hér á landi. Beiðnir um fjárstuðning eru nú til skoðunar tveggja ráðuneyta.

Rannsókn á heilsu, hegðun og þroska fimm ára barna á vegum Barnarannsóknna lauk í október. Vinna er nú hafin við úrvinnslu gagna og birtingu á niðurstöðum. Fyrstu niðurstöður voru kynntar á haustráðstefnu MHB og á rannsóknarstefnu rektors Háskóla Íslands og umboðsmanns barna.

Endurskoðaðri rannsóknaráætlun vegna rannsóknar um eingöngu brjóstagjöf og áhrif hennar á heilsu barna var skilað inn til National Institutes of Health í Bandaríkjunum 1. nóvember. Rannsóknarhópurinn hafði samskipti á grunni tölvupósts og sameiginlegra símafunda. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar hér á landi er Geir Gunnlaugsson.

Skráð samskipti ársins 2004

Ung- og smábarnavernd	
Fæðingartilkygningar	123
Vitjanir í ungbarnavernd	611
Komur í ungbarnavernd	1.967
Greiningarteymi	
Tilvísanir	187
Fjöldi skoðana	430
Mál sem fengu fullnaðarafgreiðslu	173
Skilaviðtöl við foreldra	154
Skilafundir með fagfólki	111
Heilsugæsla í skólum, skólaárið 2003-2004	
Komur í Langholtsskóla	3.318
Komur í Vogaskóla	1.787

Ársverk 31. desember 2004

Barnalæknar	4.28
Hjúkrunarfræðingar	4.96
Ritarar	3.21
Ræstitæknar	0.80
Sálfræðingar	2.70
Sjúkraþjálfarar	0.60
Félagsráðgjafar	1.00
Iðjubjálfar	0.62
Ársverk alls	18.17

Miðstöð mæðraverndar

Um deildina

Yfirlæknir: Arnar Hauksson

Yfirljósmóðir: Sigríður Sía Jónsdóttir

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Starfsemi: Á Miðstöð mæðraverndar starfa saman ljósmæður og læknar sem eru sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. Miðstöðin heldur áfram að sérhæfa sig samkvæmt markmiðum Heilsugæslunnar um að sinna konum í áhættumeðgöngu, en beina öðrum konum út á heilsugæslustöðvar.

Helstu tíðindi 2004

Þann 1. október hélt Miðstöð mæðraverndar (MM) sína árlegu ráðstefnu um meðgönguvernd. Ráðstefna var haldin á Hótel Loftleiðum, skráðir þátttakendur voru 120 úr öllum landshlutum.

Aðalfyrirlasari ráðstefnunnar var Dr. Jason Gardosi frá Bretlandi sem fjallaði annars vegar um mat á vexti fósturs (assessing fetal growth) og hins vegar um meðgöngutengd áhrif á vöxt fósturs (perinatal implications of fetal growth failure). Einnig var fjallað um ofþyngd og holdafar kvenna á meðgöngu.

Á ráðstefnunni var kynntur nýr bæklingur: Matur og meðganga. Fróðleikur fyrir konur á barneignaraldri. Miðstöð Mæðraverndar stóð að gerð og útgáfu bæklingisins ásamt Lýðheilsustöð og Umhverfisstofnun. Bæklingurinn er seldur á 100 kr. stk til heilsugæslunnar um landið en gert er ráð fyrir að verðandi mæður fái hann endurgjaldslaust.

Komur kvenna í ráðgjöf til fæðingalækna á MM frá heilsugæslunni héldu áfram að aukast. Eitt af markmiðunum með starfsemi MM er að veita sérfræðiráðgjöf til heilsugæslustöðva og vinna í nánú samstarfi þær.

Skipulagðir fræðslufundir fyrir starfsfólk Heilsugæslunnar sem sinnir meðgönguvernd voru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Fengir voru sérfræðingar annars staðar frá til að fjalla um ýmis efni. T.d. talaði Sigrún Guðmundsdóttir, sérfræðingur á Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins um listeríu, mat og meðgöngu. Hildur Ósk Hafsteinsdóttir, næringaráðgjafi á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi (LSH) talaði um næringu og bætiefni á meðgöngu. Helga Gottfreðsdóttir talaði um feður og meðgöngu. Á bilinu 30 – 50 starfsmenn Heilsugæslunnar sóttu hvern fræðslufund.

Starfsmannafundir voru haldnir á 6 – 8 vikna fresti yfir veturinn og ljósmæðra- og ritarafundir eru haldnir á 2ja vikna fresti. Einn fundur var tileinkaður umræðu um fósturgreiningar og gestir þessa fundar voru Sigurður Guðmundsson landlæknir, Jón Jóhannes Jónsson læknir á LSH og Guðlaug Torfadóttir, líffræðingur og starfsmaður LSH.

Kennsla og heimsóknir:

Fjórar ljósmæður frá landsbyggðinni komu og voru í einn til fjóra daga hver, við endurmenntun.

Sjúkraliðanemar frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla komu í vettvangs- heimsókn.

Alls voru 8 ljósmæðranemar í 4ra vikna starfsnámi og 3 nemar í 1 viku starfsþjálfun en þeir nemar voru í fjarnámi frá Akureyri.

Allir læknanemar á 5. ári komu til 2ja – 3ja daga verklegrar kynningar.
Til Miðstöðvarinnar komu fimm hópar erlendra gesta, einn hópur frá Bandaríkjunum en hinir frá Svíþjóð.

Vísindarannsóknir:

Relationship between periodontal disease and low birth weight and preterm infants in Iceland. (Rannsókn á því hvort tannholdsbólga eykur líkur á fæðingu fyrir tímann eða dregur úr vexti ófæddra barna). MM tekur þátt rannsókninni ásamt fleirum. Upplýsingasöfnun hófst í mars.

Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum í blóð mæðra. Kristín Ólafsdóttir, lífefnafræðingur á Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands í Lyfjafræði. Rannsóknargögnum var safnað á haustmánuðum.

Notkun upplýsingatækni (netmiðils) í mæðravernd. Jóhanna Skúladóttir, aðstoðaryfirljósmóðir MM og Margrét Ó. Torlacius ljósmóðir. Rannsóknin er hluti af meistaranámi í HÍ.

Skráð samskipti 2004

Heildarsamskipti	14.938
Fyrstu skoðanir.....	932
Amennar skoðanir á meðgöngu	10.488
Ráðgjöf frá heilsugæslunni	500
Foreldrafræðslunámskeið	36

Ársverk 2004

Læknar	1.08
Ljósmæður	12.40
Móttökuritarar	3.18
Ræstitæknar.....	0.42
Ársverk alls.....	17.08

Miðstöð tannverndar

Um deildina

Forstöðumaður: Hólmfríður Guðmundsdóttir

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Hlutverk: Fagleg leiðsögn um tannvernd.

Helstu tíðindi 2004

Megin áherslan í starfsemi Miðstöðvar tannverndar árið 2004 var undirbúningur og skipulagning fyrsta hluta viðamikillar landsrannsóknar á munnheilsu landsmanna (MUNNÍS) – Munnheilsa barna og unglunga 6, 12 og 15 ára. Vísindasiðanefnd, Persónuvernd og Geislavarnir ríkisins samþykktu rannsóknaráætlun og Félagsvísindastofnun HÍ lagði til úrtaksaðferð sem náði til 2400 þátttakenda í 31 grunnskóla um allt land. Miðstöð tannverndar fjármagnaði allan tækjabúnað og forstöðumaður ásamt starfsmanni miðstöðvarinnar unnu sameiginlega að undirbúningi rannsóknarinnar og heildarskipulagningu framkvæmdar. Skriflegs samþykkis var aflað frá skólastjórum auk upplýsts samþykkis frá öllum þátttakendum og forráðamönnum þeirra. Haft var samband símleiðis við þá sem ekki skiluðu gögnum bréfleiðis. Verkáætlun gerði ráð fyrir að hefja klíniska munnskoðun í september 2004 en vegna verkfalls grunnskólakennara varð að fresta þeirri framkvæmd fram yfir áramót. Í kjölfar rannsóknarniðurstaðna verður m.a. hægt að leggja mat á hvort þróun tannheilsamála er í samræmi við eitt að markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar sem stefnir að því að tannátustuðul (DMFT) verði ≤ 1.0 fyrir 12 ára börn árið 2010.

Innan grunnskólans er framkvæmd flúorskolunar á ábyrgð heilsugæslunnar og þremur árgöngum (6, 12 og 15 ára) boðið upp á flúorskolun tanna, hálfsmánaðarlega, auk þess sem heilbrigðisstarfsfólk beitir sér fyrir fræðslu um mikilvægi tannverndar, hollar neysluvenjur og tannhirðu.

Hrafnhildur Pétursdóttir, tannfræðingur annaðist fræðslu um tennur og tannvernd hjá 6, 8, 10, 12 og 15 ára aldurshópum í Grunnskólum Reykjavíkur frá janúar og fram í maí en vegna verkalla grunnskólakennara féll fræðslan niður á haustönn 2004. Hrafnhildur starfar á Lýðheilsustöð frá áramótum.

Tekist var á um framtíðarstaðsetningu Miðstöðvar tannverndar og ákveðið að hluti starfsseminnar flyttist til Lýðheilsustöðvar frá áramótum. Miðstöð tannverndar sinnir því áfram faglegri leiðsögn um tannvernd innan heilsugæslunnar.

Ársverk 2004

Tannlæknar	1.00
Tannfræðingar.....	0.38
Tanntæknar	3.54
Ræsting	0.19
Ársverk alls.....	5.11

Lungna- og berklavarnadeild

Um deildina

Yfirlæknir: Þorsteinn Blöndal

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Hlutverk:

1. Berklavarnir og berklaskrá í samvinnu við Sóttvarnalækni
2. Sinna greiningu og meðferð berklaveikra og hafa þar eftirlit
3. Heilbrigðisskoðun innflytjenda
4. Sinna forvörnum lungnasjúkdóma

Helstu tíðindi 2004

Forvarnir, greining og meðferð lungnasjúkdóma er snar þáttur starfseminnar. Berklar og berklaeftirlit vegur einnig þungt. Tólf berklatilfelli greindust á Íslandi árið 2004.

Þorri nýrra innflytjenda á Íslandi kemur í heilbrigðisskoðun á deildina. Fjöldi innflytjenda sem kom í heilbrigðisskoðun í fyrsta sinn var 1040 árið 2000, 1282 árið 2001, 648 árið 2002, 604 árið 2003 og 978 árið 2004.

Á deildinni er einnig lesið úr röntgenmyndum verkamanna frá Kárahnjúkum og Fjarðaráli á Reyðarfirði.

Barnshafandi konur eiga kost á einstaklingsbundinni meðferð og aðstoð við reykbindindi eins og áður.

Berklavarnaverkefni í Litháen hefur miðað vel með eftirliti, kennslu og þjálfunarnámskeiðum og lýkur 2005. Fjármögnun er gegnum "Task Force on Communicative Disease in the Nordic Sea Region" sem er samvinnuverkefni margra landa, þar á meðal Íslands.

Á árinu 2004 var byrjað á nýju rannsóknarverkefni í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu "Erfðir ónæmis gegn bólusetningum og sýkingum". Heilsugæslan leggur til aðgang að skrá jákvæðra berklaprófa, skrá bólusettra við berklaveiki og skrá berklaveikra. ÍE leggur til fjármagn, aðgang að Íslendingi og erfðamengisrannsóknir.

Nánast allir starfmenn nýttu sér möguleika á að sækja námskeið á árinu.

Skráð samskipti 2004

Fjöldi einstaklinga sem komu á deildina	2.694
Berklaveikir á landinu (virkir berklar).....	12
Berklasmitun (þar á meðal nýsmiðar).....	91
Innflytjendur(heilbrigðisskoðun í fyrsta sinn)	978
Röntgenrannsóknir	1.044

Ársverk 2004

Læknar	1.60
Sjúkraþjálfarar.....	0.30
Geislafræðingar.....	1.00
Lækna- og móttökuritarar	1.50
Ræstitæknar.....	0.45
Ársverk alls.....	4.85

Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna

Um deildina

Yfirlæknir: Helgi Guðbergsson

Starfssvið: Atvinnusjúkdómavarnir, starfsmannaheilsuvernd, umhverfis-sjúkdómavarnir og sóttvarnir.

Helstu tíðindi 2004

Á árinu var eftirfarandi starfsemi á deildinni:

1. Heilsuvernd starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum.
2. Hóprannsóknir og áhættumat starfsgreina og vinnustaða.
3. Áhættumat einstaklinga m.t.t. starfs og læknisskoðun vegna atvinnuréttinda.
4. Greining atvinnusjúkdóma og umhverfissjúkdóma.
5. Ráðgjöf til starfsfólks heilsugæslu vegna sóttvarna, þ.m.t. vegna bólusetninga, ferðalaga o.s.frv.
6. Almenn upplýsinga- og fræðslu- og ráðgjafarstarfsemi um ofangreinda þætti.
7. Þátttaka í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

Skráð samskipti 2004

Eftirtaldar starfsgreinar og hópar (afrúnnaðar tölur) nutu þjónustu deildarinnar árið 2002 (sbr. lið lið 1 – 4 að ofan):

Slökkviliðsmenn	160
Starfsmenn líftæknifyrirtækja	330
Starfsmenn á tannlæknastofum, apótekum o.fl.	30
Starfsmenn í endurvinnslu, spilliefnum o.fl...	60
Starfsmenn hátæknifyrirtækja og fyrirtækja með mikil ferðalög til útlanda	40
Atvinnukafarar	20
Starfsmenn í ýmsum öðrum atvinnugreinum.	30
Samtals u.þ.b.	670

Ársverk 2004

Læknar	0.50
Ritarar	0.50
Ársverk alls.....	1.00

Rannsóknarstofa

Um deildina

Meinataeknir: Þórdís Þormóðsdóttir (til 30. september)

Starfsvið: Rannsóknarstofan þjónar þessum deildum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur: Miðstöð mæðraverndar, Miðstöð heilsuverndar barna, Lungna- og berklavarnadeild og Atvinnusjúkdómadeild.

Rannsóknir sem unnar eru á stofunni: Blóðhagur, sökk, deilitalning í blóðstroki, blóðsykurmælingar í háráðablóði, almenn skoðun og smásjárskoðun á þvagsýnum og þungunarpróf. Þá er blóð dregið, skilið niður og sent á aðrar rannsóknarstofur eftir þörfum. Einnig les meinataeknir af uricultræktunum úr þvagi á Miðstöð mæðraverndar.

Helstu tíðindi 2004

1. október var tók gildi samningur milli Heilsugæslunnar og Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) um rannsóknarþjónustu. LSH sér nú um rekstur rannsóknarstofunnar á Heilsuverndarstöðinni.

Ársverk 2004

Meinataeknar	0.75
Ársverk alls.....	0.75

Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu

Tekjur

Styrkir og framlög.....	1.150.000
Leigu- og afnotatekjur.....	6.774.757
Seld þjónusta.....	43.495.118
Tekjur af fræðslustarfsem.....	5.091.300
Tekjur af samrekstri.....	3.700.499
Veitingasala.....	2.182.852
Vörusala og eignasala.....	<u>3.526.515</u>
Tekjur alls	<u>65.921.041</u>

Gjöld

Laun og launategndgjöld.....	456.086.026
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	24.665.630
Funda- og ferðakostnaður.....	17.200.473
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	58.980.050
Rekstur tækja og áhalda.....	21.322.219
Annar rekstrarkostnaður.....	13.089.213
Húsnæðiskostnaður.....	14.345.921
Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur.....	3.686.198
Rannsóknastofurekstur.....	1.969.077
Birgðabreytingar.....	(1.372.963)
Bifreiðarekstur.....	3.120.363
Tilfærslur.....	<u>0</u>
	613.092.207
Eignakaup.....	<u>8.538.208</u>
Gjöld alls	<u>621.630.415</u>

Miðstöð heimahjúkrunar

Grensásvegi 8, Reykjavík

Um miðstöðina

Forstöðumaður: Þórdís Magnúsdóttir

Starfssvið: Heimahjúkrun

Þjónustusvæði: Reykjavík (ekki Kjalarnes) og Seltjarnarnes

Helstu tíðindi 2004

Geðteymi heimahjúkrunar

Haustið 2003 óskaði Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið eftir því að stofnað yrði geðteymi við heimahjúkrun sem sinnti þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða og búa heima. Geðteymi heimahjúkrunar fór svo af stað í mars 2004 en í teyminu starfa tveir hjúkrunarfræðingar og tveir sjúkraliðar. Við undirbúning starfsins var lögð rík áhersla á samráð við aðra aðila sem starfa á þessu sviði og starfsmenn teymisins kynntu sér vel þau úrræði sem eru í boði. Stofnun teymisins var einnig kynnt mjög vel fyrir fjölda aðila

Meginmarkmið geðteymis eru:

- Að tryggja samfellu í meðferð einstaklinga með geðraskanir 18 ára og eldri.
- Að efla sálrænt og félagslegt heilbrigði einstaklinga sem stríða við geðraskanir og fjölskyldna þeirra.
- Að koma í veg fyrir innlagnir á sjúkrahús og tryggja samfellu í meðferð, með því að fara heim til einstaklinga með geðraskanir.
- Að styrkja aðlögunarhæfni einstaklinga eftir útskrift af sjúkrahúsum.
- Að hvetja einstaklinga með geðraskanir til sjálfshjálpar og sjálfsvirðingar.
- Að finna viðeigandi úrræði til að auka félagslega og andlega færni eftir því sem við á hverju sinni.

Beiðni með lýsingu á sjúkdómssögu, sjúkdómsgreiningu og aðstæðum einstaklings berst frá heilsugæslustöðvum, geðsviði Landspítala- háskólasjúkrahúss eða öðrum meðferðaraðilum. Þjónustan fer fram með reglulegum vitjunum, allt frá einu sinni í viku til tvisvar á dag. Þjónustan er virk frá kl. 8 til 20 alla daga. Þjónusta teymisins gerur varað í hálf ár en lengd þjónustutímans miðast við að einungis fjórir starfsmenn eru í teyminu. Að þeim tíma liðnum fer fram endurmat á þjónustuþörfinni og áframhaldandi þjónusta tryggð fyrir þjónustuþega, hjá þar til bærum aðilum/stofnunum en ef þörf þykir er veitt undanþága og þjónusta teymisins framlengd.

Viðbrögð við starsemi teymisins hafa verið mjög góð bæði frá þjónustuþegum og meðferðaraðilum.

Samþætting á heimaþjónustu í Reykjavík

Tilraunaverkefnið "Samþætting á heimaþjónustu í Reykjavík" varð til í framhaldi af skýrslu samráðshóps um málefni eldri borgara frá því í nóvember 2002. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg sömdu þá um að setja af stað tilraunaverkefni til tveggja ára um sameiginlega stýringu á heimaþjónustu, þ.e. félagslegri heimaþjónustu sem rekin er af Félagsþjónustunni og Miðgarði í Grafarvogi og heimahjúkrun sem rekin er af Miðstöð heimahjúkrunar.

Verkefnið hófst í febrúar 2004 og stendur fram í mars 2006. Vinna er hafin við flest þau atriði sem skipta máli varðandi framvindu samþættingarinnar. Framkvæmd verkefnisins fera að mestu fram á vikulegum heimaþjónustuhópsfundum sem starfræktir eru í sjö hverfum borgarinnar.

Umbótaverkefni

Kjarni hjúkrunar er umhyggja fyrir skjólstæðingnum og virðing fyrir lífi hans og mannhelgi. Mikilvægt er að þetta fari saman við kröfur nútímans um að vinna heilbrigðisstarfsmanna feli í sér gæði og öryggi. Skráning og miðlun upplýsinga er eitt mikilvægasta verkfærið til að tryggja gæði hjúkrunar og faglega þróun. Aðeins þannig er hægt að veita þjónustu sem verður markviss, samfelld og örugg fyrir skjólstæðinga sem og starfsmenn.

Heimahjúkrun er umfangsmikil og margbrotin þjónusta sem krefst mikillar skipulagningar. Kröfur hafa aukist um flóknari umönnun í heimahúsi og skjót viðbrögð við óskum sjúkrahúsanna þegar kemur að útskrift sjúklinga. Þá hefur samþættingartilraunaverkefnið gert það að verkum að miðstöðin þarf að aðgreina þjónustu sína frá annarri þjónustu sem veitt er í heimahús á sama tíma og miðstöðin þarf að vera í samvinnu um það verkefni að gefa borgarbúum möguleika á að búa heima þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest. Allt þetta er áskorun til miðstöðvarinnar um að taka breytingum og eitt af markmiðunum með sameiningu heimahjúkrunar heilsugæslustöðvanna í eina miðstöð árið 2002 var að gera starfsemina betur í stakk búna að mæta auknum kröfum.

Í júlí hófst viðamikið umbótaverkefni í umsjón Auðbjargar Reynisdóttur. Áhersla var lögð á að umbótavinnan næði gegnum allt skipurit miðstöðvarinnar og var unnið bæði með stjórnendum og starfsmönnum.

Vinna með stjórnendum beindist að því að innleiða markviss vinnubrögð/verklagsreglur við meðferð beiðna um heimahjúkrun, finna leiðir til að koma á og fylgja eftir hjúkrunaráætlun, endurmeta áætlun, eftirfylgni, meta kostnað fram í tímann og tengja verkefni hlutverki heimahjúkrunar. Gerð var greining á umfangi og eðli starfseminnar, svo var farið í gegnum vinnubrögð hverfastjóra og þau samræmd í nýtt þjónustuferli. Handbók um þjónustuferlið er í smíðum. Vinna með starfsmönnum miðaði að því að kenna starfsmönnum að meta og nýta upplýsingakerfi fyrir sig og skjólstæðinginn og örva faglegan metnað. Þessi vinna var í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar voru settir upp fimm vinnuhópar um verklagsreglur. Fjórir hafa lokið störfum en einn mun halda áfram út árið 2005. Hins vegar var starfsmönnum leiðbeint á einstaklingsgrunni við skráningu í Sögu þar sem farið var yfir stillingar, vinnulista og afgeiðslukerfið. Sú vinna hefur skilað umtalsvert réttari skráningu og u.þ.b. helmingur starfsmanna notar nú afgreiðslukerfið í skipulagningu vinnunnar.

Árangur í skráningarmálum má meðal annars sjá á því að 80% allra vitjana er skráður. Heildarfjöldi skráninga á síðari hluta ársins 2004 hefur aukist um 9% ef miðað er við fyrri hluta ársins 2004. Skráningum á dagvakt hefur fjölgað um 20% og skráðum símtölum fjölgaði um 87%. Því má draga þá ályktun að skráningar gefi nú réttari mynd af umfangi starfseminnar. Ýmislegt bendir til á jákvæð viðhorfsbreyting hafi orðið gagnvart skráningu en ekki var gerð formleg könnun á því við upphaf verkefnisins.

Í nóvember og desember var nýtt þjónustuferli prófað í tveimur hverfum. Í desember var gerð SVOT stöðugreining til að kanna burði miðstöðvarinnar til að takast við breytingar. Út frá henni verður unnið í að draga úr veikleikum og auka styrkleikana. Verkefninu lýkur í maí 2005.

Skráð samskipti ársins 2004

Fjöldi skjólstæðinga	1.817
Fjöldi vitjana	133.904

Ársverk 2004

Hjúkrunarfræðingar	25.19
Sjúkraliðar	45.32
Móttökuritarar	2.38
Iðjuþjálfar	0.38
Ræstitæknar	0.43
Ársverk alls	73.70

Rekstraryfirlit ársins 2004

Tekjur

Seld þjónusta	664.507
Ýmsar tekjur	0
Tekjur alls	664.507

Gjöld

Launagjöld	310.464.080
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.509.542
Funda- og ferðakostnaður	49.332.708
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	13.161.433
Rekstur tækja og áhalda	2.184.146
Annar rekstrarkostnaður	2.214.495
Húsnæðiskostnaður	5.723.604
Lyf og tengd efni	266.462
Lækninga- og hjúkrunarvörur	1.197.070
Rannsóknastofurekstur	248.708
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	118.346
Birgðabreytingar	(10.278)
Bifreiðarekstur	4.300.769
	395.711.085
Eignakaup	488.903
Gjöld alls	396.199.988

Heilsugæslan Árbæ

Hraunbæ 102d - 102e, 110 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Gunnar Ingi Gunnarsson

Hjúkrunarforstjóri: Ingibjörg Sigmundsdóttir

Þjónustusvæði: Árbær, Selás, Ártúnsholt og Grafarholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Selásskóli, Ingunnarskóli og Sæmundarsel.

Helstu tíðindi 2004

Vegna fjölgunar íbúa í Grafarholtshverfi þá hefur meðal annars fjölgað fæðingum á milli ára um 50% sem felur í sér mikið álag bæði í vitjunum til foreldra og svo fjölgar að sjálfsögðu komum í ungbarnaskoðanir. Nú er svo komið að húsnæðið er nýtt til fulls og hvert skot notað! Þá var aukið við móttöku ljósmóður um 10% og mun ekki veita af.

Nýr skóli, Sæmundarsel í Grafarholti, hóf starfssemi haustið 2004 og er það ört vaxandi skóli.

Rannsóknastofa var lögð niður 1. október þegar samstarf við rannsóknastofu Landspítala Háskólasjúkrahúss hófst.

Hjúkrunarfræðingar héldu foreldranámskeið fyrir foreldra 12 ára, 6 ára og 2 ára gamalla barna og og tókust þau vel.

Hjúkrunarfræðingar tóku þátt í rannsókn á 5 ára börnum á vegum Barnarannsóknna.

Tekið var upp nýtt skráningarkerfi í skólaheilsugæslu Ískrá og hafa hjúkrunarfræðingar verið ánægðir með það.

Heilsuvernd aldraðra er á formi vikulegrar móttöku í Félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105 og hefur hún mælst vel fyrir hjá öldruðum. Unglingamóttaka er ekki komin í gang og það strandar meðal annars á húsnæði.

Nokkrir fræðslufundir voru haldnir á vegum lækna og hjúkrunarfræðinga stöðvarinnar, þar sem meðal annars var fjallað um ferðamannabólusetningar.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	15.359
Komur til hjúkrunarfræðinga	3.648
Símaviðtöl við lækna	12.738
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	1.587
Vitjanir lækna.....	34
Vitjanir í ungbarnavernd	932
Komur í ungbarnavernd	2.218
Komur í mæðravernd	390
Símtöl í mæðravernd.....	*
Símtöl í ungbarnavernd.....	104

* Upplýsingar vantar

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	6.13
Hjúkrunarfræðingar.....	8.65
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.84
Meinataeknar	0.60
Ræstitæknar.....	0.73
Ársverk alls.....	21.95

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	15.955.125
Ýmsar tekjur.....	1.013
Tekjur alls	15.956.138

Gjöld

Launagjöld	119.994.021
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.311.789
Funda- og ferðakostnaður	3.552.674
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	7.452.146
Rekstur tækja og áhalda	1.197.252
Annar rekstrarkostnaður.....	1.707.541
Húsnæðiskostnaður	2.026.362
Lyf og tengd efni.....	701.930
Lækninga- og hjúkrunarvörur	581.500
Rannsóknastofufrekstur.....	1.122.785
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	95.854
Birgðabreytingar	322.553
Bifreiðarekstur	324.200
	142.390.607
Eignakaup	010.400
Gjöld alls	142.401.007

Heilsugæslan Efra-Breiðholti

Hraunbergi 6, 111 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Þórður G. Ólafsson

Hjúkrunarforstjóri: Hanna María Kristjónsdóttir

Þjónustusvæði: Efra Breiðholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Fellaskóli, Hólabrekkuskóli og Waldorfskólinn Sólstafr

Helstu tíðindi 2004

Unnið var að ýmsum umbótaverkefnum á stöðinni árið 2004. Þau helstu voru:

- Nefnd sem sett var á laggirnar í lok árs 2003 til að skoða teymisvinnu skilaði lokaskýrslu í ágúst 2004 og í framhaldi af því voru gerðar skipulagsbreytingar.
- Útbúinn var gátlisti mæðraverndar.
- Útbúinn var gátlisti ungbarnaverndar varðandi fræðslu og fræðsluefni.
- Nefnd var sett á laggirnar sem endurskipulagði bæklinga og í framhaldi af því var ákveðnu teymi læknis og hjúkrunarfræðings falið að fara yfir alla nýja bæklinga sem berast og ákvarða notkun þeirra.
- Útbúið var leiðbeiningablað um ferðamannabólusetningar.
- Farið var yfir innihald akút tasknanna og búnir til verkferlar varðandi fyrningar á lyfjum o.fl.
- Útbúið var upplýsingablað fyrir skjólstæðinga stöðvarinnar sem afhent er þegar nýir skjólstæðingar skrá sig hjá lækni. Þetta blað liggur enn fremur frammi í afgreiðslu stöðvarinnar.
- Bókasafn stöðvarinnar var endurskipulagt og nýjar handbækur keyptar.
- Kaffistofan var tekin í gegn. Allir starfsmenn fengu merktar könnur og snaga til að hengja þær á yfir daginn.
- Útbúin var upplýsingamappa fyrir afleysingalækni/námslækni.
- Útbúið var leiðbeiningablað vegna þvagfærasýkinga hjá konum.

Á árinu voru einnig gerðar ýmsar breytingar á húsnæði stöðvarinnar. Biðstofan var aðskilin betur frá öðru rými með hurðum, sem eykur öryggi starfsfólks. Skiptistofan var útbúin til notkunar á síðdegisvakt sem hófst í september. Þar var komið upp myndavélum og settur upp skjár í afgreiðslu. Einnig var settur upp neyðarhnappur fyrir vaktlækni og móttökuritarar. Rannsóknastofan var lögð niður og meinatæknum sagt upp. Húsnæðið var tekið undir læknastofu og nýtt blóðtökuherbergi útbúið. Útbúin var aðstaða fyrir námslækni. Samfara þessum breytingum var hafist handa við að mála stöðina innanhúss.

Breytingar urðu í starfsliði stöðvarinnar þar sem tveir læknar og tveir hjúkrunarfræðingar fóru til starfa við Salastöðina og var ráðið í þeirra stað.

Laugardaginn 7. febrúar var námskeið fyrir starfsfólk um reiða og erfiða (dónalega) skjólstæðinginn. Fyrirlesari var Marteinn S. Jónsson vinnusálfræðingur.

Í kjölfar starfsmannabreytinga var farið í haustferð með hópefli í huga. Nefndist ferðin Sæludagur á Suðurlandi. Forvarnir voru í heiðri hafðar þar sem farið var í göngu og enn fremur hugað að góðri samvinnu með ýmiskonar þrautum sem leystar voru í hópum. Þessi vísa varð til í ferðinni:

Ganga, syngja grilla mat

gott er fyrir alla.

Lækna, líkna og allt það at

látum niður falla.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	15.606
Komur til hjúkrunarfræðinga	2.659
Símaviðtöl við lækna	13.974
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	6.582
Vitjanir lækna.....	35
Vitjanir í ungbarnavernd	383
Komur í ungbarnavernd	1.778
Komur í mæðravernd	1.133
Símtöl í mæðravernd.....	200
Símtöl í ungbarnavernd.....	146

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	7.37
Hjúkrunarfræðingar.....	6.28
Ljósmæður	1.39
Heilsugæslu- og móttökuritarar	6.07
Meinataeknar	0.56
Ræstitæknar.....	1.10
Ársverk alls.....	22.77

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	14.100.947
Ýmsar tekjur.....	<u>114.783</u>
Tekjur alls	<u>14.215.730</u>

Gjöld

Launagjöld	120.262.557
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.896.017
Funda- og ferðakostnaður	4.033.454
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	11.782.138
Rekstur tækja og áhalda	1.327.292
Annar rekstrarkostnaður.....	1.789.342
Húsnæðiskostnaður	2.936.153
Lyf og tengd efni.....	1.207.391
Lækninga- og hjúkrunarvörur	320.060
Rannsóknastofurekstur.....	1.393.110
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	97.585
Birgðabreytingar	33.521
Bifreiðarekstur	<u>0</u>
	149.078.620
Eignakaup	<u>1993.251</u>
Gjöld alls	151.071.871

Heilsugæslan Efstaleiti

Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Gunnar Helgi Guðmundsson

Hjúkrunarforstjóri: Guðbjörg Guðbergsdóttir

Þjónustusvæði: Fossvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Fossvogsskóli, Hvassaleitisskóli, Breiðagerðisskóli og Réttarholtsskóli

Helstu tíðindi 2004

Hjúkrunarfræðingar tóku þátt í rannsókninni "Efling geðheilsu eftir barnsburð" sem er á vegum Háskóla Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna líðan mæðra eftir að hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum sækja netnámskeiðið „Geðvernd eftir barnsburð“. Marga Thome stýrði verkinu.

Hjúkrunarfræðingar fóru á endurlífgunarfræðslunámskeið á vegum Heilsugæslunnar.

Sænskur hjúkrunarmaður frá Karolinska Institutet var á stöðinni í apríl til kynningar á störfum heilsugæslunnar.

Boðað var til fundar af Jóni Snædal yfirlækni á öldrunarsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) í apríl. Tilfnið var að ræða hugmyndir um nánari samvinnu Öldrunarsviðs LSH og fjögurra heilsugæslustöðva.

Gerður var þjónustusamningur milli Heilsugæslunnar og Landspítala - háskólasjúkrahúss um rannsóknarþjónustu á stöðinni.

Heilsudagur í Háaleiti var sameiginlegt átak Félagsþjónustunnar og Heilsugæslunnar í Efstaleiti. Hjúkrunarfræðingar voru með kynningu á störfum sínum.

Í tengslum við Alþjóða blóðgjafardaginn var haldin fjölskylduhátíð í Efstaleitinu í júní. Fyrirtækin sem að þessu stóðu voru: Rauði kross Íslands, Logos, Heilsugæslan Efstaleiti og RÚV.

Saga 3.1 var innleidd á stöðinni 4. október.

Heimsóknir á stöðina:

30.04 Sænskir læknar, bæði frá sjúkrahúsi og heilsugæslu.

10.06 Heilbrigðisráðherra Litháen

10.09 Vallentuna Huslökargruppa

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	18.303
Komur til hjúkrunarfræðinga	2.583
Símaviðtöl við lækna	3.496
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	4.751
Vitjanir lækna.....	22
Vitjanir í ungbarnavernd	371
Komur í ungbarnavernd	1.637
Komur í mæðravernd	844
Símtöl í mæðravernd.....	24
Símtöl í ungbarnavernd.....	76

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	6.66
Hjúkrunarfræðingar.....	7.10
Sjúkraliðar.....	1.00
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.88
Ræstitæknar.....	0.68
Ársverk alls.....	21.32

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	13.439.628
Ýmsar tekjur.....	0
Tekjur alls	13.439.628

Gjöld

Launagjöld	115.719.507
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.523.782
Funda- og ferðakostnaður	4.576.972
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	18.016.273
Rekstur tækja og áhalda	1.385.878
Annar rekstrarkostnaður.....	2.552.051
Húsnæðiskostnaður	3.256.282
Lyf og tengd efni.....	1.296.761
Lækninga- og hjúkrunarvörur	552.687
Rannsóknastofurekstur.....	518.151
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	76.435
Birgðabreytingar	-18.017
Bifreiðarekstur	5.698
	151.462.460
Eignakaup	716.452
Gjöld alls	152.178.912

Heilsugæslan Grafarvogi

Spönginni 35, 112 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Atli Árnason

Hjúkrunarforstjóri: Sigríður Brynja Sigurðardóttir

Þjónustusvæði: Grafarvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Borgaskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Korpuskóli, Rimaskóli og Víkurskóli

Helstu tíðindi 2004

Meðferðarteymi fyrir börn tók til starfa 1. desember 2004. Markmiðið er að veita geð og sálfélagslega þjónustu vegna vanda barna og fjölskyldna þeirra. Í teyminu starfa sálfræðingur, félagsráðgjafi og iðjuþjálfari, auk þess sem heimilislæknar og hjúkrunarfræðingar stöðvarinnar eru hluti af teyminu þegar skjólstaðingar þeirra þurfa á þjónustu teymisins að halda. Sérstök áhersla er lögð á yngstu aldurshópana með forvarnargildið í huga. Húsnæði stöðvarinnar var stækkað um 70 m² með tilkomu teymisins sem hefur aðstöðu á annari hæð heilsugæslustöðvarinnar.

Undirbúningur hefur staðið yfir á forvarnarverkefninu „Virkjum forvarnir fullorðinna í frumþjónustu” sem allir starfsmenn heilsugæslustöðvarinnar taka þátt í. Ákveðið hefur verið að bjóða íbúum Grafarvogs á aldrinum 25 ára – 45 ára upp á heilsufarseftirlit. Með því viljum við innleiða á markvissan hátt forvarnir í starfsemi okkar. Unnið hefur verið í þverfaglegum hópum.

Haustið 2004 var byrjað að bjóða verðandi foreldrum upp á námskeið í mæðravernd. Jafnframt stóðu hjúkrunarfræðingar í ungbarnavernd fyrir námskeiði í aga og uppeldi.

Bóluefnisrannsókn fór í gang á árinu á Heilsugæslustöðinni í samvinnu HR, lækna stöðvarinnar og Glaxo Smith vegna nýs bóluefnis við kynfæraáblæstri. 125 stúlkur á aldrinum 9-17 ára tóku þátt í rannsókninni sem mun ljúka á árinu 2006.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	24.372
Komur til hjúkrunarfræðinga	4.410
Símaviðtöl við lækna	17.786
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	5.170
Vitjanir lækna.....	27
Vitjanir í ungbarnavernd	973
Komur í ungbarnavernd	4.286
Komur í mæðravernd	2.544
Símtöl í mæðravernd.....	108
Símtöl í ungbarnavernd.....	181

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	9.67
Hjúkrunarfræðingar.....	11.19
Ljósmæður	0.75
Sjúkraliðar.....	0.90
Heilsugæslu- og móttökuritarar	9.03
Ræstitæknar.....	0.95
Sálfr., iðjuþ. og félagsráðg.	0.21
Ársverk alls.....	32.70

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	22.914.301
Ýmsar tekjur.....	27.830
Tekjur alls	22.942.131

Gjöld

Launagjöld	180.218.279
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.343.671
Funda- og ferðakostnaður	4.910.888
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	23.033.205
Rekstur tækja og áhalda	3.999.099
Annar rekstrarkostnaður.....	2.618.682
Húsnæðiskostnaður	28.086.547
Lyf og tengd efni.....	1.454.872
Lækninga- og hjúkrunarvörur	708.530
Rannsóknastofurekstur.....	1.106.595
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	68.106
Birgðabreytingar	152.830
Bifreiðarekstur	736.344
	252.438.248
Eignakaup	1.699.500
Gjöld alls	254.137.748

Heilsugæslan Hlíðum

Drápuhlíð 14 - 16, 105 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Stefán Finnsson

Hjúkrunarforstjóri: Þórunn Benediktsdóttir

Skráðir skjólstaðingar í árslok 2004: 8.667

Þjónustuvæði: Svæðið milli Snorrabrautar og Kringlumýrabrautar.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Hlíðaskóli, Háteigsskóli, Skóli Ísaks

Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Öskjuhlíðarskóli, Brúarskóli. Stöðin sinnir einnig Menntaskólanum í Hamrahlíð

Helstu tíðindi 2004

Yfirvöld samþykktu endurbætur á húsnæði stöðvarinnar og var úthlutað um 20 milljónum í verkið.

Fimm stöðugildi lækna voru setin. Síðdegisvakt var allt árið og opin dagvakt alla daga. Hjúkrunarmóttaka jókst jafnt og þétt á árinu og er orðin umfangsmikil á stöðinni. Að jafnaði hefur einn hjúkrunarfræðingur (100% staða) sinnt móttökunni. Hjúkrunarfræðingur í hjúkrunarmóttöku sinnir einnig unglíngamóttöku. Eftir að stöðin tók við allri ung- og smábarnavernd á upptökusvæði stöðvarinnar árið 2003, hefur fæðingartilkyningum fjölgað frá 104 árið 2002 í 168 árið 2004. Deildin hafði 1,2 stöðugildi áður og 30% staða fylgdi yfirtökunni þannig að um áramót 2004/2005 voru stöðugildin 1.5 sem nægir engan veginn samanber aukingu á fjölda fæðingartilkyninga. Hjúkrunarfræðingar hafa samstarf við Háteigskirkju og eru með fræðsluerindi mánaðarlega á foreldrafundum í kirkjunni. Nýtt skráningakerfi, Ísskrá, var tekið í notkun í skólaheilsugæslunni. Allir skólaheilsugæsluhjúkrunarfræðingar fóru á námskeið í vinnslu á forritinu. Samtals eru setin 1.7 stöðugildi í skólaheilsugæslunni.

Mæðraverndin jókst einnig mikið á árinu og til að koma til móts við álagið var 20% viðbót við 55% stöðu ljósmóður samþykkt í byrjun ársins. Ein ljósmóðir hóf störf á árinu í 20% stöðu. Mæðraverndin hafði því samtals 75% stöðugildi. Starfsemi Heilsuverndar aldraða gengur vel og daglega eru unnir litlir og stórir sigrar. Það er gaman að sjá þegar vel tekst til að byggja í kringum fólk, styðja það og aðstoða að vera heima. Þetta er stuðningur sem er mikilvægur fyrir marga og það fær hjúkrunarfræðingur að heyra í hverri viku. Hjúkrunarfræðingur er í 65% stöðu við stöðina, 50%-55% nýtist við Heilsuvernd aldraða, 5% fer í verkefnastjórnun fyrir allar heilsugæslustöðvar í Reykjavík og um það bil 5% fer í að aðstoða/leysa af í hjúkrunarmóttöku.

Viðtöl í heilsuvernd aldraða voru 1251. Símtöl voru 1021 og farið var í 14 vitjanir. Í maí var haldinn fræðsludagur í samráði við félagsþjónustu í Bólstaðarhlíð þar sem þemað var heilsuefling eldri borgara með áherslu á hreyfingu. Þar mættu 150 manns og tókst dagurinn mjög vel. Deildin stóð einnig fyrir fræðsludegi um um heilsuvernd aldraða 28 september.

Læknar nýttu sér fræðsludaga og ráðstefnur eftir því sem tók voru á. Föst venja er vikulegur fræðslutími sem þeir sjá um sjálfir.

Starfsfólk sótti ráðstefnur og námskeið sem haldin voru innan Heilsugæslunnar og utan eins og venja er á árinu. Má þar nefna námskeið um reykingavarnir, lausnamiðaða nálgun og geðraskanir barna.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	11.798
Komur til hjúkrunarfræðinga	4.597
Símaviðtöl við lækna	6.746
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	1.407
Vitjanir lækna.....	59
Vitjanir í ungbarnavernd	468
Komur í ungbarnavernd	2.201
Komur í mæðravernd	1.244
Símtöl í mæðravernd.....	177
Símtöl í ungbarnavernd.....	158
Komur til iðjubjálfa.....	67
Símtöl við iðjubjálfa	371

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	5.42
Hjúkrunarfræðingar.....	6.28
Ljósmeður	0.96
Heilsugæslu- og móttökuritarar	4.83
Ræstitæknar.....	0.90
Ársverk alls.....	18.39

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	11.679.808
Ýmsar tekjur.....	7.123
Tekjur alls	11.686.931

Gjöld

Launagjöld	98.741.112
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.401.879
Funda- og ferðakostnaður	2.557.177
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	10.609.729
Rekstur tækja og áhalda	946.527
Annar rekstrarkostnaður.....	1.755.422
Húsnæðiskostnaður	1.555.636
Lyf og tengd efni.....	1.123.747
Lækninga- og hjúkrunarvörur	394.937
Rannsóknastofurekstur.....	718.252
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	128.024
Birgðabreytingar	-28.266
Bifreiðarekstur	0
	121.904.176
Eignakaup	1.476.065
Gjöld alls	123.380.241

Heilsugæslan Miðbæ

Vesturgötu 7, 101 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Margrét Georgsdóttir

Hjúkrunarforstjóri: Margrét Magnúsdóttir

Þjónustuvæði: "Gamli miðbærinn" vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Austurbæjarskóli, Vesturbæjarskóli, Tjarnarskóli og Landakotsskóli. Einnig sinnir stöðin Kvennaskólanum í Reykjavík.

Helstu tíðindi 2004

Helstu breytingar á starfsemi voru, að ungvarnavernd og mæðravernd héldu áfram að vaxa, og er hverfið með næstflestar fæðingar á eftir Grafarvogi eða um 200 á ári. Starfshlutfall barnalæknis var því aukið, og sömuleiðis starfstími lækna og ljósmóður í mæðravernd.

Geir H. Guðmundsson, heilsugæslulæknir, kom aftur í fullt starf í árslok, en sinnir nú í sínum starfstíma hjá Heilsugæslunni áfram Droplaugarstöðum, sem Heilsugæslan hefur tekið við formlega, með samningi, sem ekki var gengið frá fyrr en 2005.

Aukning hefur orðið á kennslu læknanema, sem koma til náms á stöðina, og tveir kandidatestar tóku námstíma sinn hjá okkur.

Heilmiklum tíma var eytt í stefnumótunarvinnu, og starfsmenn fóru á starfsdag í Skálholtsskóla, þar sem unnið var frekar í þessu verkefni. Stöðin var mönnuð með afleysingafólki á meðan.

Gróðursett var í Heiðmörk einn fagran júnídag eins og áður. Árangur þessarrar vinnu er farinn að koma í ljós og elstu trén okkar farin að taka vel við sér. Starfsfólk stöðvarinnar hélt saman jólagleði á veitingahúsinu Rauðará í lok nóvember.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	11.767
Komur til hjúkrunarfræðinga	3.394
Símaviðtöl við lækna	10.936
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	690
Vitjanir lækna.....	26
Vitjanir í ungbarnavernd	581
Komur í ungbarnavernd	2.079
Komur í mæðravernd	638
Símtöl í mæðravernd.....	126
Símtöl í ungbarnavernd.....	142

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	5.40
Hjúkrunarfræðingar.....	5.10
Heilsugæslu- og móttökuritarar	4.25
Ræstitæknar.....	0.46
Ljósmaður	0.55
Ársverk alls.....	15.76

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	12.001.581
Ýmsar tekjur.....	1.740
Tekjur alls	12.003.591

Gjöld

Launagjöld	92.797.421
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.544.921
Funda- og ferðakostnaður	3.567.464
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	9.848.986
Rekstur tækja og áhalda	1.721.262
Annar rekstrarkostnaður.....	1.223.444
Húsnæðiskostnaður	2.093.453
Lyf og tengd efni.....	1.107.450
Lækninga- og hjúkrunarvörur	283.159
Rannsóknastofurekstur.....	315.195
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	38.628
Birgðabreytingar	-101.547
Bifreiðarekstur	0
	115.439.836
Eignakaup	447.746
Gjöld alls	115.887.582

Heilsugæslan Mjódd

Pönglabakka 6, 109 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Samúel J. Samúelsson

Hjúkrunarforstjóri: Matthea G. Ólafsdóttir

Þjónustusvæði: Neðra Breiðholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Breiðholtsskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli

Helstu tíðindi 2004

Starfsemi stöðvarinnar er óbreytt frá fyrra ári. Nýr læknir bættist við á stöðinni.

Almennir fræðslufundir hafa verið haldnir einu sinni í mánuði í vetur og hafa fyrirlesarar annað hvort verið starfsmenn eða aðkeyptir aðilar með ýmis efni.

Mæting hefur verið góð og er almenn ánægja með fyrirkomulagið

Stöðin var máluð og þrífín vel í hólfi og gólf og var það til mikilla bóta.

Fyrsta rafræna læknabréfið til Heilsugæslunnar barst til Heilsugæslunnar Mjódd frá Landspítala Háskólasjúkrahúsi 22. desember. Það var Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sem fyrir hönd yfirlæknis Bæklunardeildar sendi fyrsta bréfið til Samúels J. Samúelssonar. Samúel kvittaði fyrir með tveimur vísum.

Heyrið þið í mér? Hækkar nú sólin.

Hann ýtti á takkann, sá kann á tólin

nú fengið ég hef

raf-læknabréf.

"Bráðum koma blessuð jólin."

SJS

Sendi Jón á Samúel

sérstakt rafmagnsskeyti.

Framkvæmdi það flott og vel

fínt að öllu leyti.

FRR

Skráð samskipti ársins 2004

Komur til lækna	14.617
Komur til hjúkrunarfræðinga	3.139
Símaviðtöl við lækna	6.434
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	1.370
Vitjanir lækna.....	56
Vitjanir í ungbarnavernd	406
Komur í ungbarnavernd	2.020
Komur í mæðravernd	1.206
Símtöl í mæðravernd.....	106
Símtöl í ungbarnavernd.....	76

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	6.11
Hjúkrunarfræðingar.....	5.91
Sjúkraliðar.....	0.80
Heilsugæslu- og móttökuritarar	6.09
Ræstitæknar.....	0.92
Ljósmaður	1.00
Ársverk alls.....	20.83

Rekstraryfirlit ársins 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	13.214.275
Ýmsar tekjur.....	9.856
Tekjur alls	13.224.131

Gjöld

Launagjöld	108.906.350
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.991.826
Funda- og ferðakostnaður	3.905.363
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	14.218.371
Rekstur tækja og áhalda	1.710.144
Annar rekstrarkostnaður.....	1.745.143
Húsnæðiskostnaður	4.069.305
Lyf og tengd efni.....	1.428.814
Lækninga- og hjúkrunarvörur	339.560
Rannsóknastofurekstur.....	380.784
Rekstur tækja og búnaðar sjúkrahúsa	0
Birgðabreytingar	503.757
Bifreiðarekstur	0
	140.199.417
Eignakaup	486.160
Gjöld alls	140.685.577

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis

Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ

Yfirlæknir: Þengill Oddsson

Hjúkrunarforstjóri: Sigrún Gunnarsdóttir

Þjónustusvæði: Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjós og Þingvallasveit.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Lágafellsskóli, Varmárskóli, Klébergsskóli (Kjalarnes) og Ásgarðsskóli (Kjós). Ásgarðsskóli var lagður niður á miðju ári.

Helstu tíðindi 2004

Sú breyting varð þann 1. október að staða meinatæknis var lögð niður og nú kaupir stöðin þjónustu frá rannsóknarstofu Landspítala-Háskólasjúkrahúss. Sami meinatæknir sinnir stöðinni og áður og því hafa skjólstæðingar stöðvarinnar ekki fundið eins mikið fyrir breytingunni og ella.

Veikindi og skortur á starfsfólki settu svip sinn á störf hjúkrunarfræðinga á árinu. Þeir sem voru í vinnu þurftu því að leggja enn harðar að sér.

Sigrún Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri fór í veikindaleyfi 1. október og Helga Sævarsdóttir leysti hana af til áramóta.

Skólahjúkrunarfræðingar byrjuðu haustið af miklum krafti með nýja Handbók í skólahjúkrun við hendina, og þær létu 6 vikna verkfall kennara ekki slá sig út af laginu. Ásgarðsskóli hefur verið lagður niður því börnin sem hann sóttu voru orðin of fá. Þeim er öllum ekið í Klébergsskóla.

Stöðin var samanburðarstöð í rannsókn Mörgu Thome á líðan kvenna eftir barnsburð.

Gríma Huld Blængsdóttir læknir kom aftur í september eftir 2 ára námsleyfi.

Unglingamótakan var starfrækt með sama sniði og áður.

Skráð samskipti 2004*

Komur til heilsugæslulækna	27.080
Komur til hjúkrunarfræðinga á skiptistofu	2.294
Símaviðtöl við lækna	20.000
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	**
Vitjanir lækna.....	694
Vitjanir í ungbarnavernd	398
Komur í ungbarnavernd	2.040
Komur í mæðravernd	630
Símtöl í mæðravernd.....	**
Símtöl í ungbarnavernd.....	**
Vitjanir í heimahjúkrun.....	2.011

*Sögukerfið er ekki notað á þessari heilsugæslustöð. Tölur um samskipti eru því ekki alveg sambærilegar við hinar stöðvarnar.

**Upplýsingar vantar

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	6.87
Hjúkrunarfræðingar.....	5.71
Ljósmaður	0.60
Sjúkraliðar.....	0.48
Meinataeknar	0.38
Heilsugæslu- og móttökuritarar og aðrir.....	6.24
Ársverk alls.....	20.28

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	13.034.927
Ýmsar tekjur.....	<u>22.402</u>
Tekjur alls	<u>13.057.329</u>

Gjöld

Launagjöld	124.888.639
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.478.966
Funda- og ferðakostnaður	2.846.774
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.359.624
Rekstur tækja og áhalda	1.169.932
Annar rekstrarkostnaður.....	1.796.418
Húsnæðiskostnaður	11.159.633
Lyf, lækinga- og hjúkrunarvörur.....	1.462.907
Rannsóknastofurekstur.....	1.047.867
Birgðabreytingar	738.265
Bifreiðarekstur	<u>2.206.178</u>
	159.155.203
Eignakaup	<u>328.770</u>
Gjöld alls	159.483.973

Heilsugæslan Seltjarnarnesi

við Suðurströnd, 170 Seltjarnarnesi

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Sigríður Dóra Magnúsdóttir

Hjúkrunarforstjóri: Ágústa Dúa Jónsdóttir

Þjónustuvæði: Seltjarnarnes og vesturbær Reykjavíkur sunnan Hringbrautar, þar með talið háskólahverfi og Skerjafjörður.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Hagaskóli, Valhúsaskóli, Mýrarhúsaskóli, Grandaskóli, Melaskóli

Helstu tíðindi 2004

Heilbrigðisráðherra Kína kom í heimsókn á stöðina með fríðu föruneysi 12. október 2004. Ráðherranum og fylgdarliði var sýnd stöðin, Sigríður Dóra Magnúsdóttir yfirlæknir kynnti starfssemi stöðvarinnar og Guðmundur Einarsson forstjóri kynnti starfssemi Heilsugæslunnar.

Tuttugu og fimm heimilislæknar frá Eistlandi komu í heimsókn á stöðina í október 2004, þeir voru á heimleið frá Ameríska Heimilislæknaþinginu, skoðuðu stöðina og voru fræddir um starfsemina.

Töluverðar breytingar til batnaðar urðu á húsnæði stöðvarinnar á árinu. Steinsteypur stigi sem var í miðju húsinu og átti að tengja heilsugæslustöðina við tónlistarskólann á efri hæð hússins var sagaður niður og sömuleiðis var barnakrókur fjarlægður. Margoft var búið að biðja um þessar breytingar en ekki fékkst samþykki fyrr en nú í tengslum við breytingar á efri hæð hússins. Starfsfólk er ánægt með breytinguna, nú er hægt að koma sjúkrabörum hindrunarlaust um húsið auk þess sem rýmra er og bjartara í miðrymi hússins. Áfram var haldið þáttöku í rannsókn um iðrasýkingar á vegum sýkladeildar Landsspítala- háskólasjúkrahúss.

Nokkrar breytingar urðu á starfsfólki á árinu. Helst ber að nefna að Guðmundur Sigurðsson læknir lét af störfum eftir tuttugu og tveggja ára starf við stöðina en hann átti stóran þátt í að móta starfssemi stöðvarinnar á sínum tíma, má þar nefna hverfisábyrgð, teymisvinnu, dagvakt og þjónustu bráðaerinda.

Kennsla læknanema, læknakandidata og hjúkrunarnema hefur aukist að umfangi með breyttu skipulagi náms, nú eru hér namar stóran hluta vetrar og tekur allt starfsfólk þátt í kennslunni.

Starfsfólk hélt árlega jólagleði í kaffistofu starfsmanna rétt fyrir jólin en einnig var borðað jólahlaðborð í heimahúsi. Tvívegis var farið í styttri starfsmannaféðir og borðað saman í sumarhúsi á eftir, í maí gekk starfsfólk á Hestfjall en í september var haldið á láglandi í skógrækt í Biskupstungum.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	23.145
Komur til hjúkrunarfræðinga	4.490
Símaviðtöl við lækna	20.135
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	2.982
Vitjanir lækna.....	91
Vitjanir í ungbarnavernd	755
Komur í ungbarnavernd	2.829
Komur í mæðravernd	1.624
Símtöl í mæðravernd.....	76
Símtöl í ungbarnavernd.....	49

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	10.02
Hjúkrunarfræðingar.....	7.95
Ljósmæður	0.33
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.98
Ræstitæknar.....	0.96
Ársverk alls.....	25.24

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	20.991.012
Ýmsar tekjur.....	12.460
Tekjur alls	21.003.472

Gjöld

Launagjöld	146.622.132
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.384.823
Funda- og ferðakostnaður	4.961.928
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	30.555.866
Rekstur tækja og áhalda	1.288.096
Annar rekstrarkostnaður.....	2.336.089
Húsnæðiskostnaður	4.647.633
Lyf. lækninga- og rannsóknarstofuvörur	4.313.089
Birgðabreytingar	219.794
Bifreiðarekstur	551.466
	199.880.916
Eignakaup	1.008.813
Gjöld alls	200.889.729

Heilsugæslan Kópavogi

Um Heilsugæsluna í Kópavogi

Heilsugæslan Kópavogi er samrekin frá tveimur húsum Fannborg, Fannborg 7-9 og Hvammi, Hagasmára 5.

Hjúkrunarforstjóri: Sigríður A. Pálmadóttir

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2004:

Skólar í umsjón heilsugæslustöðvanna: Digranesskóli, Hjallaskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli, Salaskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli, Waldorfsskólinn í Lækjarbotnum og Menntaskólinn í Kópavogi (1.300 nem.). Lindaskóli, Salaskóli og Waldorfsskólinn í Lækjarbotnum fluttust til Salastöðvar á miðju ári.

Nemendafjöldi í grunnskólum skólaárið 2003-2004: 3.861

Heilsugæslan Kópavogi - Borgir

Fannborg 7-9, 200 Kópavogi

Yfirlæknir: Kristjana Kjartansdóttir

Þjónustusvæði: Kópavogur vestan Digranesvegur að Bröttubrekku, norðan Fífuhamms- og Nýbýlavegar.

Heilsugæslan Kópavogi - Hvammur

Hagasmára 5, 200 Kópavogi

Yfirlæknir: Sigurður V. Guðjónsson

Þjónustusvæði: Kópavogur austan Digranesvegur og Bröttubrekku, sunnan Kópavogslækjar (Fífuhamms) og sunnan Nýbýlavegar (með Hólum).

Helstu tíðindi 2004

Árið 2004 var enn ár niðurskurðar og aðhalds. Mikil starfsmannavelta var á árinu, sextán starfsmenn létu af störfum og tíu hófu störf.

Þriðja heilsugæslustöðin í Kópavogi Salastöðin, sjálfstætt starfandi, var formlega opnuð 1. febrúar. Þetta létti vissulega álag á hinum stöðvunum sem höfðu til þessa verið að sinna Kópavogsbúum öllum mjög undirmannaðar og ekki hvað síst Hvammur. Smá kreppa kom upp varðandi skiptingu milli stöðva sem ekki hafði verið þekkt áður en allt þetta tókst að leysa farsællega. Kópavogsbúar leita á þá stöð sem þeir eru með skráðan heimilislækni á, annars fer það eftir búsetu og/eða ósk viðkomandi um þjónustu. Samningur var gerður varðandi skólaheilsugæsluna um að við kláruðum skólaárið en síðan fluttust Lindaskóli og Salaskóli yfir til Salastöðvarinnar og 2 hjúkrunarfræðingarnir sem þar höfðu starfað. Frekari niðurskurður á stöðugildum varð einnig á öðrum sviðum hjúkrunar og hjá læknum og heilsugæsluriturum. Heimahjúkrun fyrir Kópavog allan var og er áfram sinnt frá Fannborginni.

Þann 1. mars tók nýtt skipurit gildi fyrir stofnunina. Aðal breytingin var að staða skrifstofustjóra kom inn á báðum stöðvum. Við það færðist stjórnun á því sviði yfir til yfirlækna en hafði tímabundið verið undir stjórn hjúkrunarforstjóra eða frá 2000.

Nýr hverfisstjóri fyrir heimahjúkrun tók við um mitt sumar er þáverandi hverfisstjóri hvarf til annarra starfa. Afleysingar voru í lágmarki á öllum sviðum og vinnuálag um sumarið því mjög mikið. Ekki fékkst leyfi fyrir sjöttu læknisstöðunni frá áramótum í Hvamm fyrir en 1. september. Þá kom nýr læknir til starfa og var búið að skrá á hana um 1200 manns um áramót.

Áfram hrikti í stöðum heimahjúkrunar út af breytingum á bílasamningi og hluti af sjúkraliðum gengu út þar sem þeir litu á þessar breytingar sem uppsögn frá hálfu stofnunninnar. Samningar náðust þó fljótlega en eftir sat sárindi og góðir starfskraftar hurfu á brott.

Síðdegisvaktin átti undir högg að sækja. Um tíma var talið að leggja þyrfti hana niður en svo var ákveðið að setja á hana “kvóta” og hafa lokað á föstudögum út árið og er svo enn. Það er alltaf miður að þurfa að vísa annað þegar þjónustugeta og þörf er til staðar, eingöngu til að reyna að ná fjárhagslegum markmiðum, enda oftast nær um að ræða tilfærslu til annarra stofnana og oftar en ekki dýrari úrræða.

Búið var að taka þá ákvörðun miðlægt nokkuð fyrir á árinu að afleggja hjá okkur rannsóknarstofurnar og segja upp starfandi meinatæknum og hafa hér bara blóðtöku og kaupa allar rannsóknir af Landspítala Háskólasjúkrahúsi (LSH) og í raun sjá þeir einnig um blóðtökuna. Því lét meinatæknirinn í Hvammi af störfum 30. september og meinatæknirinn í Fannborg fluttist yfir á LSH. Þessi ráðstöfun leiddi óhjákvæmilega til lækkunar á þjónustustigi og mæltist illa fyrir hjá starfsfólki og skjólstæðingum en er sögð leiða til umtalsverðs sparnaðar sem vonandi verður í raun.

Unnið var að því að koma á öldrunarmóttöku en vegna manneklu og veikinda í heimahjúkrun náðist ekki að festa þá þjónustu í sessi á þessu ári. Horfum vongóð til ársins 2005. Skólaheilsugæslan hefur blómstrað og handbók um skólaheilsugæslu varð að veruleika.

Sjúkraskrárkerfið Saga 3.1 var tekið í notkun í september og fylgdu því mikil vandkvæði. Helstu vandamálín voru mikill hægagangur og mikil "frostvandamál". Allir reyndu að gera sitt besta en segja má að öll móttaka/vinna hafi verið helmingi hægari og erfiðari um margra vikna skeið svo að hið rólegasta fólk virtist vera að missa þolinmæðina. Tölvubúnaðurinn er því miður orðinn allt of gamall og tengingar ekki sem skildi. En þegar búið var að lagfæra/uppfæra “viðmót” flestra þá fór þetta að rúlla betur. Nú er bara beðið eftir að vélbúnaðurinn verði endurnýjaður í heild sinni en fyrirheit hafa verið gefin um að það verði á næsta ári.

Nýir öndunarmælur (spírómeter) voru gefnir á báðar stöðvarnar en ekki notaðir sem skildi vegna tölvuvandkvæða en vonandi verður horfir það til betri vegar á næsta ári.

Frábær skemmtinefnd er starfandi hér sem ekkert hefur gefið eftir sama hvað á gengur. Farið var fræðsluferð í maí á Snæfellsnesið og Heilsugæslan í Ólafsvík sótt heim. Haustferðin var fjölskylduferð í Þórsmörk og gistu þar flestir eina nótt. Síðast í nóvember brá heimahjúkrun sér að stórum hluta með nokkrum tryggum fylginautum til Danmerkur til að taka út heimahjúkrun á því svæði sem heimsótt var og kviknuðu margar góðar hugmyndir um bættu þjónustu í þeirri ferð en ekki eru allar farnar að líta dagsins ljós enn þá.

Ýmis námskeið og fræðsla hefur verið í boði en hæst stendur námskeið sem öllum starfsmönnum var boðið upp á frá Þekkingarmiðlun og hét “Erfiðir skjólstæðingar”. Þátttaka var mjög góð og almenn ánægja með fyrirlesarann Eyþór Eðvardsson, sálfræðing.

Skráð samskipti 2004

Komur til lækna	29.044
Komur til hjúkrunarfræðinga	6.613
Símaviðtöl við lækna	23.470
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	9.414
Vitjanir lækna.....	91
Vitjanir í ungbarnavernd	925
Komur í ungbarnavernd	5.196
Komur í mæðravernd	2.519
Símtöl í mæðravernd.....	412
Símtöl í ungbarnavernd.....	*
Vitjanir í heimahjúkrun.....	27.614

* Upplýsingar vantar

Ársverk 2004

Heilsugæslulæknar	12.26
Aðrir læknar	0.50
Hjúkrunarfræðingar.....	19.42
Ljósmeður	2.00
Sjúkraliðar.....	8.32
Heilsugæslu- og móttökuritarar	12.29
Meinataeknar	1.05
Kjaranefnd ýmsir	1.00
Ársverk alls.....	56.84

Rekstraryfirlit 2004

Tekjur

Seld þjónusta.....	32.885.709
Ýmsar tekjur.....	<u>1.261.709</u>
Tekjur alls	<u>34.146.882</u>

Gjöld

Launagjöld	283.076.045
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9.871.859
Funda- og ferðakostnaður	11.330.044
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	27.967.249
Rekstur tækja og áhalda	2.605.349
Annar rekstrarkostnaður.....	4.573.242
Húsnæðiskostnaður	11.503.735
Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur.....	4.558.333
Rannsóknastofurekstur.....	3.417.878
Bifreiðarekstur	<u>3.790.055</u>
	362.628.968
Eignakaup	<u>884.150</u>
Gjöld alls	<u>363.513.118</u>

Heilsugæslan Lágmúla

Lágmúla 4, 108 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Ólafur Mixa

Hjúkrunarforstjórar: Kristín Axelsdóttir og Steinunn Kristinsdóttir

Þjónustusvæði: Laugarnes- og Múlahverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Laugarnesskóli, Laugalækjaskóli og Álftamýrarskóli.

Heilsugæslan í Lágmúla er einkarekin og þessvegna eru hér ekki upplýsingar um ársverk, skráð samskipti og rekstur þessarar heilsugæslustöðvar.

Heilsugæslan Salahverfi

Salavegi 2, 201 Kópavogi

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Haukur Valdimarsson

Hjúkrunarforstjóri: Hjördís Birgisdóttir

Þjónustusvæði: Sala- og Lindahverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Lindaskóli, Salaskóli og Waldorfsskólinn í Lækjarbotnum

Heilsugæslan Salahverfi var opnuð 20. janúar 2004 og sér um Sala- og Lindahverfi. Stöðin veitir þar alla almenna þjónustu.

Heilsugæslan Salahverfi er einkarekin og þessvegna eru hér ekki upplýsingar um ársverk, skráð samskipti og rekstur þessarar heilsugæslustöðvar.